

1252. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. september 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Ævar Þór Magnússon, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Selma Björk Grétarsdóttir, Jennifer Schröder, Sigrún Guðmundsdóttir og Þórir Hilmarsson.

Næsti fundur: 11. október 2023

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fundinn og bauð fundarfólk velkomið.

Dagskrá:

Áður en gengið var til dagskrár lagði Ragnar Þór til dagskrárbreytingu, að skotið yrði inn liðnum *Ungliðaráð VR* sem yrði þá liður #8, aðrir liðir færast til í samræmi við þessa breytingu. Engar athugasemdir voru gerðar við þessa dagskrárbreytingu og telst hún samþykkt.

1. Fundargerð 1251. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1251. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan.

Ragnar Þór sagði frá því að miðstjórn Alþýðusambandsins hafi fundað nýlega og fyrr þennan dag [13.09.2023] hafi formenn stærstu félaga og landssambanda fundað. Staðan hafi verið rædd og hvaða vettvang hreyfingin eigi að nota í sameiginlegum málum gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum í kjarasamningaviðræðum. Skiptar skoðanir séu um hvort miðstjórn eigi að vera samninganefndin eða formenn stærstu félaga og landssambanda en það síðarnefnda var t.d. samninganefnd í kjarasamningaviðræðum 2015. Fram hafi hins vegar komið tillögur um að miðstjórn yrði í forsvari hreyfingarinnar í komandi viðræðum. Ragnar benti á að framundan væru þing Landssambands Ísl. verzlunarmanna og þing Starfsgreinasambands Íslands og hann teldi ekki að samninganefnd hreyfingarinnar yrði formgerð fyrr en að þeim þingum loknum.

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætir til fundar kl. 17:45.



Ragnar Þór skýrði frá því að VR hafi borist formleg beiðni frá Leiðsögn, félagi leiðsögumanna, um samstarf í kjarasamningaviðræðum. Hér sé um að ræða lítið félag sem hafi oft verið aftarlega í röðinni þegar kemur að kjarasamningagerð og átt erfitt uppdráttar með sín mál. Hann teldi VR og Leiðsögn eiga ýmislegt sameiginlegt og að félögin skarist að ýmsu leyti, þarna fælust tækifæri fyrir VR.

Í umræðum lagði Ragnar Þór fram tillögu fyrir fundinn um að formaður fengi umboð til að halda áfram viðræðum við Leiðsögn um mögulegt samstarf, niðurstöður slíks samtals yrðu síðan lagðar fyrir stjórn sem tæki afstöðu til þess hvort það væri VR í hag að fara saman í næstu kjaraviðræður með Leiðsögn.

Eftir umræður var tillagan samþykkt.

Ragnar skýrði frá því að í tengslum við kjarasamningaviðræður væri verið að skoða hvernig félagið svari þeirri orðræðu sem nú er hafin í þjóðfélaginu.

Umræður

Í umræðum var mikið rætt um form á samninganefnd verkalýðshreyfingarinnar sem færi með sameiginleg mál félaganna gagnvart atvinnurekendum og kröfur gagnvart stjórnvöldum, hvort það ætti að vera miðstjórn eða formenn stærstu félaga/landssambanda.

Halla Gunnarsdóttir lagði tillögu fyrir fundinn þess efnis að stjórn VR lýsi yfir stuðningi við þá hugmynd að miðstjórn ASÍ verði virkjuð sem samninganefnd hreyfingarinnar í komandi viðræðum. Á síðasta fundi miðstjórnar hafi komið fram af hálfu formanna landssambanda, annarra en LÍV, hvaða form þeir teldu æskilegt til að starfa saman í komandi viðræðum. Hún hafi búist við tillögu frá formanni VR hvað þetta varðar á stjórnarfundinum en þegar það varð ekki hafi hún sjálf lagt fram tillögu, taka þyrfti ákvörðun um þetta sem fyrst svo hreyfingin mæti vel undirbúin til viðræðna. Best er að miðstjórn verði samninganefnd að mati Höllu, það sé lýðræðislegast, tryggji breiða aðkomu, auki traust og dragi úr tortryggni.

Umræður

Í umræðum lagði Ragnar Þór til að boðað verði til fundar í samninganefnd félagsins (sem jafnframt er stjórn þess) á milli stjórnarfundna og málið tekið fyrir þar ásamt fleiri málum sem varða stöðuna í kjarasamningunum.

Halla dró tillögu sína til baka, vegna þeirra sjónarmiða frá stjórnarmeðlimum um að þeir teldu sig ekki reiðubúna að greiða atkvæði um þetta mál, þeir hafi ekki getað undirbúið sig. Halla óskaði eftir að það yrði bókað að hún dragi tillöguna til baka gegn því að samninganefndin fundi á næstu 2 vikum eða svo þar sem taka mætti ákvörðun um afstöðu VR til samstarfs á vettvangi ASÍ.

Undir þessum lið óskaði Halla Gunnarsdóttir eftir umræðu um tillögur að breytingum á húsaleigulögum sem starfshópur um húsnæðismál leggur til.

Í júní hafi tillögurnar komið til umræðu á miðstjórnarfundum ASÍ en fyrr þann dag fundaði húsnæðisnefnd sambandsins. Halla sagði Ragnar Þór ekki hafa verið á fundi miðstjórnar og að fulltrúum VR á fundinum hafi ekki verið kunnugt um andstöðu fulltrúa félagsins í húsnæðisnefndinni við þessar tillögur. Tillögurnar hafi verið samþykktar í miðstjórn,

starfsmaður húsnæðisnefndar ASÍ hafi metið það svo tillögurnar fælu í sér réttarbót fyrir leigjendur. Í síðustu viku hafi málið aftur komið fyrir miðstjórn, þá hafi komið fram andstaða formanns VR og fleiri í húsnæðisnefnd ASÍ. Halla sagði máli skipta hvernig VR beiti sér.

Ragnar Þór sagði fulltrúa VR í nefndinni telja að engin réttarbót felist í þessum breytingum, en það hafi verið grundvallarkrafan þegar þessi vinna fór af stað. Hann hafi fengið álit Samtaka leigjenda og fleiri sem telji að þessar tillögur setji leigjendur í verri stöðu en ella. Hann hafi talið að málið færi ekki lengra í ljósi andstöðunnar innan húsnæðisnefndarinnar og það hafi komið honum á óvart að tillögurnar hafi verið samþykktar í miðstjórn. Í kjölfarið hafi verið fundað stíft, m.a. með forseta ASÍ, og leitast við að senda málið aftur til húsnæðisnefndar sem hafi verið samþykkt. Málið verður tekið fyrir í nefndinni í vikunni.

Umræður

Í umræðum kemur fram að Ragnar vilji boða Guðmund Hrafn Arngrímsson, formann Samtaka leigjenda, á fund stjórnar til umræðna.

3. Leikskólamál.

Eftir stjórnarfund var skjalið „Leikskólamál – tillaga“ birt í stjórnargátt.

Umræða að ósk Höllu Gunnarsdóttur.

Halla kynnti tillögu sína um upplýsingaöflun og ráðstefnu um leikskólamál og samspil leikskóla og atvinnulífs. Tillagan gerir ráð fyrir gagnaöflun um þann tíma sem börn njóta ekki leikskólavistar og foreldrar þurfa að brúa, borinn saman við orlofsrétt launafólks. Mat verði lagt á tekjuskerðingu foreldra sem rekja megu til fæðingarorlofs, umönnunarbils og skerðingar á skólastarfi.

Halla leggur til að VR efni til umræðu um þessi mál í formi ráðstefnu og leggi jafnframt fram tillögur inn í kröfur verkalýðshreyfingarinnar gagnvart stjórnvöldum sem miða að því að auka réttindi og bæta hag foreldra ungra barna, með sérstakri áherslu á umönnunartímabilið, frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn kemst inn á almennan leikskóla.

Umræður

Eftir umræður var tillagan lögð fyrir og samþykkt.

4. Staða neytenda í samráðsmáli Eimskips og Samskipa

Fyrir fundinum lá skjalið „Málsókn gegn skipafélögum vegna brota á samkeppnislögum, minnisblað frá LR“ til kynningar.

Ragnar Þór sagði frá því að fundað hafi verið með Neytendasamtökunum og álit liggi fyrir frá Lögfræðistofu Reykjavíkur vegna skoðunar á réttarstöðu neytenda í þessu máli. Mikilvægt sé að reyna að meta tjón neytenda vegna ólögmeats samráðs skipafélaganna.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, fór stuttlega yfir efni minnisblaðs frá Lögfræðistofu Reykjavíkur um möguleika neytenda til að sækja bætur í ljósi niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi brotið gegn samkeppnislögum. Rannsókn eftirlitsins á brotum Eimskips lauk með því að Eimskip viðurkenndi brot og greiddi sekt.

Fram kemur í skýrslu Samkeppniseftirlitsins að tjónið sé meira en ávinningur félaganna af samráðinu, sagði Stefán. VR hafi átt í viðræðum við Félag atvinnurekenda og Neytendasamtökin um að leita til Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um að leggja mat á tjónið og birta þær tölur opinberlega. Atvinnulífið verði að draga lærdóm af þessu máli, ýmsir í viðskiptalífinu líti ekki á svona brot sem „alvöru brot“, til að mynda séu tveir hjá Eimskip með stöðu grunaðs manns en séu enn í starfi hjá fyrirtækinu. Það sé mikilvægt að breyta þessum viðhorfum og tryggja að fyrirtæki sem tjóninu valdi bæti fyrir það.

Ragnar Þór bætti við að mat á tjóninu geri neytendur meðvitaðri um umfangið og alvarleikann og að við eigum að gera þá kröfu á fyrirtæki sem mögulega fái bætur að þau beini þeim til samfélagslegra nota. Hann lagði til að stjórnin styðji að farið verði í vinnu við að meta tjónið.

Umræður.

Samþykkt í kjölfar umræðna að fara í vinnu við að reyna að meta tjónið.

Vala Ólöf Kristinsdóttir fer af fundi kl. 20:25.

5. Sex mánaða uppgjör VR og lykiltölur.

Fyrir fundinum lágu skjölin „Lykiltölur jan-júní 2023“; „Uppgjör VR janúar til júní 2023“ og Uppgjör jan til júní 2023 Sundurliðun á sjóði“ til kynningar.

Stefán fór yfir helstu lykiltölur í rekstri félagsins fyrstu sex mánuði ársins 2023.

Í máli Stefáns kom fram að tekjuaukning nemur 17,2% miðað við sama tímabil í fyrra og má rekja það til launahækkana og fjölgunar félagsfólks. Félögum í VR fjölgaði um 5,3%. Gjöld hækkuðu um 21,5% sem að stærstu hluta má rekja til hækkunar sjúkradagpeninga en þeir eru um 200 m.kr. umfram áætlun. Tekjur umfram gjöld eru 47 m.kr., hreinar tekjur á tímabilinu eru 390 m.kr. en þær voru neikvæðar á síðasta ári.

Félagsfólk VR er um 18% af vinnumarkaði en rúmlega fjórðungur ef eingöngu er litið til almenna vinnumarkaðarins. Lítil breyting hefur verið á þessu hlutfalli.

Umræður

6. Launareiknivél VR.

Fyrir fundinum lá skjalið „Launareiknivél VR“ til kynningar.

Stefán fór yfir kynningu á nýju spálíkani sem leysir launarannsókn VR af hólmi en þetta líkan hefur verið í vinnslu í hagdeild VR og verður birt á Mínum síðum á vr.is fljótlega.

VR gerði lengi vel launakönnun meðal félagsfólks á hverju ári þar sem það var spurt um laun og aðra þætti sem hafa áhrif á launin, en í VR gilda markaðslaun að stærstum hluta. Síðustu ár hefur félagið launarannsókn sem byggir á rauntölum launa og upplýsingum sem félagsfólk skráir á Mínum síðum. Tilgangur launarannsóknar var að fylgjast með almennri launapróun félagsfólks, gefa því upplýsingar um laun og auka gagnsæi.

Launaspá sem nú er á lokametrinum skerpir á þessari þjónustu með því að gefa nákvæmari upplýsingar um laun og tekið er tillit til fleiri þátta en áður, s.s. starfsreynslu, menntunar o.fl.

Umræður

Ragnar Þór leggur til að fundur verður framlengdur til kl. 22:00.

Samþykkt

7. Starfsreglur sjúkrasjóðs VR – tillögur að breytingum

Fyrir fundinum lá skjalið „Tillögur að breytingum á starfsreglum Sjúkrasjóðs gr. 3 og gr. 7.4“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán fór yfir tillögurnar sem eru tvær. Sú fyrri snýr að því að færa inn í gr. 3 rétt til dánarbóta barna félagsfólks en þær voru felldar út fyrir mistök á aðalfundi 2022 þegar gerðar voru breytingar á Reglugerð sjóðsins. Tillagan kveður því á um breytingu á gr. 3 hvað þetta varðar.

Greinin með breytingartillögum er sem hér segir:

3. gr. Dánarbætur

3.1 VR greiðir dánarbætur við dauðsfall ~~fullgilda~~ ~~fullgilda félagsmanna félagsfólks og barna þeirra~~. Bótafjárhæðir fara eftir fjölskyldustærð og hvort viðkomandi var ennþá á vinnumarkaði. Dánarbætur ~~vegna þeirra sem verið er að greiða fyrir til~~ Sjúkrasjóðs VR við dauðsfall eru eftirfarandi:

1. Ef hinn látni var giftur greiðast bætur til maka kr. 500.000. Ef hinn látni var ógiftur greiðist kr. 500.000 til þess aðila sem staðfest er að greiðir fyrir útför.

2. Ef hinn látni lætur eftir sig barn (kjör- eða fósturbarn) yngra en 18 ára greiðast vegna hvers barns kr. 800.000,- til þess sem sannarlega hefur barnið á sínu framfæri.

3. Að auki greiðist upphæð sem svarar til inneignar viðkomandi í VR varasjóði.

3.2 Heimilt er að greiða dánarbætur vegna þeirra sem látið hafa af störfum við ~~67-60~~ ára aldur eða síðar hafi þeir verið ~~fullgildir~~ ~~fullgilt félagsmenn félagsfólk~~ í samfelld 5 ár áður en þeir láta af störfum:

1. Ef hinn látni var ógiftur kr. 210.000,-
2. Ef hinn látni var giftur kr. 350.000,-
3. Bætur greiðast aðeins skv. öðrum af tölulíðunum nr. 1 eða 2.

3.3 Dánarbætur vegna barna félagsfólks yngri en 18 ára eru 400.000 kr.

3.4 Réttthafar dánarbóta:

1. Eftirlifandi maki.
2. Börn hins látna eða sá sem annast framfærslu barna að fullu.
3. Aðrir ef þeir bera kostnað af útför.
4. ~~Dánarbætur barn félagsfólks, þá er félagsmaður sem missir barnið~~ Réttthafi dánarbóta er félagsmaður sem missir barn sitt.

Seinni tillagan snýr að gr. 7.4 og miðar að því að gera fundi starfsfólks sjóðsins og sviðsstjóra skilvirkari. Núverandi orðalag er svohljóðandi:

7.4 Starfsmenn Sjúkrasjóðs VR, ásamt sviðsstjóra, skulu halda vikulega fundi þar sem umsóknir eru yfirfarnar og loks greiðslulisti undirritaður og samþykktur.

Tillaga er um að greinin verði svohljóðandi:

7.4 Allar umsóknir skulu samþykktar af sviðsstjóra eða framkvæmdastjóra áður þær eru greiddar. Halda skal vikulega fundi þar sem umsóknir um sjúkradagpeninga eru yfirfarnar og loks greiðslulisti undirritaður og samþykktur af sviðsstjóra

Umræður

Engar athugasemdir bárust við þessar tvær tillögur og teljast þær samþykktar.

8. Ungliðaráð VR

Fyrir fundinum skjalið „Ungliðaráð VR starfsreglur og hlutverk“ til kynningar og afgreiðslu.

Ævar Magnússon, formaður undirbúningsnefndar um stofnun Ungliðaráðs VR, kynnti drög að starfsreglum Ungliðaráðs sem miða að því að skapa umgjörð um starf yngra félagsfólks. Ævar benti á að um helmingur félagsfólks VR er á þeim aldri sem Ungliðaráð tekur til en að ungt fólk hafi takmörkuð áhrif inn í starf félagsins. Mikilvægt sé að ljá þeim rödd og taka tillit til þarfa þeirra.

Umræður

Í umræðum voru lagðar til tvær breytingar við drögin, annars vegar við 1. gr. þar sem kveðið var á um að formaður eigi sæti í ráðinu og var lagt til að það yrði fellt út. Hins vegar var lögð til breyting við orðalag 4. gr. til að samræma það fyrirkomulagi á vali fulltrúa félagsins á sambandsþing LÍV og ASÍ.

Breytingarnar voru báðar samþykktar mótatkvæðalaust og starfsreglur samþykktar.

Starfsreglurnar með áorðnum breytingum eru birtar hér að neðan í heild sinni.

Starfsreglur og hlutverk Ungliðaráðs VR

1.gr.

Ungliðaráð VR er umræðu- og samráðsvettvangur ungs fólks í félaginu. Ungliðaráð VR skal vera stjórn VR ráðgefandi um málefni sem tengjast ungu fólki á aldrinum 16- 35 ára.

Markmið ráðsins er að sjá til þess að hagsmunamál ungs fólks séu ávallt á dagskrá félagsins. Hlutverk ungliðaráðs VR er að:

Gæta að hagsmunum yngra félagsfólks VR.

Veita yngra félagsfólki VR vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri.

Hvetja ungt fólk til þátttöku í verkalýðsbaráttunni, hafa áhrif á samfélag sitt og berjast fyrir auknum lífsgæðum.

2.gr.

Ungliðaráð VR skal skipað 6 fulltrúum yngra félagsfólks, 18-35 ára, sem skipta sjálfir með sér verkum. Jöfn kynjaskipting skal vera í ráðinu og skal það endurspegla aldurssamsetningu yngra félagsfólks eins og hægt er. Í Ungliðaráð VR er skipað annað hvert ár þar sem 3 eru tilnefndir af stjórn VR á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund VR og að því loknu eru 3 kosnir af félagsfólki, 35 ára og yngra, til tveggja ára í senn. Ráðið hefur starfsmann VR sér til handa.

3.gr.

Ungliðaráð VR skal funda eins oft og þurfa þykir. Ráð fær nefndarkaup fyrir setta fundi en miðað er við 6-8 fundi á ári. Aukin heldur fá fulltrúar Ungliðaráðs greitt launatap sem þeir kunna að verða fyrir vegna starfa sinna fyrir VR. Ráðið kemur hugmyndum til stjórnar félagsins til nánari ákvarðana og framkvæmda.

4.gr.

Taka skal tillit til Ungliðaráðs VR við val á fulltrúum félagsins á sambandsþingum Alþýðusambands Íslands og Landssambands Íslenskra verzlunarmanna sem og öðrum fundum hagsmunasamtaka launafólks.

5.gr.

Kjörnir fulltrúar í Ungliðaráði VR eiga sjálfkrafa sæti í trúnaðarráði VR.

Ákvæði til bráðabirgða

6 manna Ungliðaráð VR er í fyrsta skipti skipað af stjórn VR til allt að eins árs fram að aðalfundi VR 2024 en eftir það er skipað samkvæmt 4. gr.

9. Breytingar á úthlutunarreglum Orlofssjóðs

Fyrir fundinum lá skjalið „Úthlutunarreglur orlofshúsa tillögur að breytingum“ til kynningar.

Stefán fór yfir tillögur að breytingum á úthlutunarreglum orlofshúsa fyrir sumarleigu á glærum.

Síðastliðin ár hefur fyrirkomulagið verið þannig að sótt er um á tilteknum degi, fyrstur kemur, fyrstur fær. Nýjar tillögur gera ráð fyrir því að umsóknartíminn verði lengdur í nokkrar vikur. Úthlutun umsókna um tiltekin hús í tiltekin tíma að sumarlagi verður með því fyrirkomulagi að dregið verður úr innkomnum umsóknum og standa allir sem sent hafa inn umsókn um þetta tiltekna hús jafnt að vígi. Sá fyrirvari er þó hafður á, eins og nú er, að félagsfólk sem hefur fengið úthlutað húsi síðustu þrjú sumur getur ekki sótt um á þennan hátt.

Félagsfólk hefur svo tiltekinn tíma til að staðfesta úthlutunina. Orlofshús sem ekki ganga út á þennan hátt verða auglýst á vefnum og gildir þá „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

Þetta nýja fyrirkomulag verður kynnt fyrir félagsfólki þegar nær dregur.

Umræður

Í umræðum óskaði Þórir Hilmarsson eftir því að bókuð yrði sú ósk hans að félagsfólk sem notar hjólastól fái forgang við úthlutun í þau hús sem eru aðgengileg fyrir fatlaða.

Stefán sagði að verið væri að vinna að útfærslu á úthlutun og að tillit yrði tekið til fatlaðra félaga.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 22:00.

